



FJÖLMIÐLANEFND

Samkeppniseftirlitið
B.t. Magnúsar Þórs Kristjánssonar
Borgartúni 26 / Pósthólf 5120
125 Reykjavík

Reykjavík 14. janúar 2020
Mál nr. 2019-2046 / 5.2

Efni: Umsögn fjölmiðlanefndar vegna samruna Torgs ehf. og Frjálsrar fjölmiðlunar ehf.

1.

- 1.1 Með tölvupósti dags. 19. desember sl. óskaði Samkeppniseftirlitið eftir umsögn fjölmiðlanefndar vegna kaupa Torgs ehf. á Frjálsri fjölmiðlun ehf, útgáfufélagi DV og fleiri fjölmiðla. Erindi Samkeppniseftirlitsins fylgdi samrunaskrá, auk fylgiskjala. Í erindi Samkeppniseftirlitsins var óskað eftir umsögn fjölmiðlanefndar um möguleg áhrif af samrunanum á fjölræði og fjölbreytni í fjölmiðlum, í samræmi við 8. mgr. 62. gr. b. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 (hér eftir lög um fjölmiðla). Var þess óskað að umsögn fjölmiðlanefndar bærist eigi síðar en 14. janúar 2020. Tekið var fram að samrunaaðilar hafi óskað eftir undanþágu frá því að samruninn komi ekki til framkvæmda á meðan Samkeppniseftirlitið fjalli um málið, sbr. 4. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005.
- 1.2 Þann 30. desember 2019 tilkynnti Torg ehf. (hér eftir Torg) fjölmiðlanefnd um breytingu á eignarhaldi HFB-77, móðurfélags Torgs ehf. Torg var áður í eigu Varðbergs ehf., sem er í 100% eigu Helga Magnússonar. Eftir breytingarnar á Varðberg ehf. 82% hlutafjár í HFB-77 en aðrir hluthafar eru Saffron í eigu Sigurðar Arngrímssonar, sem á 10% hlut, Jón Guðmann Þórisson, ritstjóri Fréttablaðsins, sem á 5% hlut og Guðmundur Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri sölu, markaðsmála og dagskrárgerðar hjá Torgi, sem á 3% hlutafjár.



FJÖLMÍÐLANEFND

- 1.3 Þann 19. desember 2019 óskaði Samkeppniseftirlitið eftir nánari upplýsingum um fjárhagsstöðu Frjálsrar fjölmiðlunar, þ.m.t. yfirliti yfir skammtíma- og langtímaskuldir félagsins, afriti af öllum lánasamningum, upplýsingum um stærstu lánveitendur og tæmandi upplýsingum um aðra fjármögnun félagsins ef það ætti við. Þann 8. janúar 2020 upplýsti Sigurður G. Guðjónsson, eigandi Frjálsrar fjölmiðlunar, að eini lánveitandi Frjálsrar fjölmiðlunar ehf. væri Dalsdalur ehf. (hér eftir Dalsdalur) sem Frjáls fjölmiðlun skuldaði rúmlega [...] kr. en [...] kr. af þeirri skuld hafi verið breytt í hlutfé á aðalfundi félagsins í ágúst sl. Vegna viðvarandi tapreksturs á þessu ári hafi félagið nánast safnað upp jafnhárra skuld að nýju. Rekstrarhæfi Frjálsrar fjölmiðlunar ehf. sé því ekkert og félagið hafi enga bankafyrirgreiðslu. Hafi samningur ekki verið gerður um kröfuna, heldur hafi hún verið færð á viðskiptareikning hjá Dalsdal og Frjálsri fjölmiðlun ehf.
- 1.4 Samkvæmt upplýsingum í ársreikningi Dalsdals, sem um hefur verið fjallað í fjölmiðlum¹, skuldar Dalsdalur [...] kr. og mun uppistaða skuldarinnar vera [...] kr. vaxtalaust langtímalán við ótilgreindan aðila, sem greiðast á eigi síðar en 2022. Áður en beiðni um samruna Torgs og Frjálsrar fjölmiðlunar barst Samkeppniseftirlitinu höfðu ekki verið veittar upplýsingar um lánveitandann eða hvort skriflegur samningur lægi til grundvallar lánveitingu hans til Dalsdals.

Eftir að Samkeppniseftirlitið hafði, að höfðu samráði við fjölmiðlanefnd, farið fram á að upplýsingar um umræddan lánveitanda yrðu veittar, með boðsendu bréfi þann 10. janúar sl., upplýsti Sigurður G. Guðjónsson þann sama dag að lánveitandi Dalsdals væri Novator ehf., með kennitöluna 451005-0220, til heimilis að Óðinsgötu 7 í Reykjavík. Novator er fjárfestingarfélag í meirihlutaeigu Samson ehf., sem er að stærstum hluta í eigu Björgólf Thors Björgólfssonar fjárfestis. Fram kom í svarinu að lánveitandinn hefði ekki haft afskipti af málefnum Dalsdals eða Frjálsrar fjölmiðlunar ehf.

2. Hlutverk fjölmiðlanefndar

- 2.1 Í 1. mgr. 62. gr. b. laga um fjölmiðla segir að tilkynna skuli Samkeppniseftirlitinu um samruna sem a.m.k. ein fjölmiðlaveita með minnst 100 millj. kr. ársveltu á Íslandi á aðild að. Þannig er eftirlit með samruna sem fjölmiðlaveitur eiga aðild að mun ríkara en almennt samrunaefirlit á grundvelli samkeppnislaga, þar sem hin hlutlægu viðmiðunarmörk tilkynningarskyldu á grundvelli fjölmiðlalaga eru lægri en í samkeppnislögum. Í skýringum við frumvarp það er varð að lögum um fjölmiðla segir

¹ Sjá m.a. frétt á vef Kjarnans, *Eigandi útgáfufélags DV skuldar 759 milljónir króna*, 26. október 2019. Sótt 10. janúar 2020 af <<https://kjarninn.is/frettir/2019-10-25-eigandi-utgafufelags-dv-skuldar-759-milljonir-krona/>>



FJÖLMÍÐLANEFND

að það sé nokkuð óumdeilt sérfræðilegt mat að úrræði hins hefðbundna samkeppnisréttar nægi ekki ein og sér til að sporna við neikvæðum áhrifum samþjöppunar og samráðs fyrirtækja á fjölmiðlamarkaði. Samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlamarkaði sé áhyggjuefni fyrir neytendur/almening, í ljósi þess að fjölmiðlar gegni margs konar hlutverki í lýðræðisþjóðfélagi. Ákvæðum X. kafla A í lögum um fjölmiðla er því ætlað að bregðast við þeim samfélagslega skaða sem aukin samþjöppun á fjölmiðlamörkuðum getur haft í för með sér. Í greinargerð með lögum um fjölmiðla segir að við mat á þeim skilyrðum sem sett kunna að vera fyrir eignarhaldi verði að gæta að því að ganga ekki of hart fram gagnvart þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem hafa haslað sér völl á þeim viðkvæma markaði sem íslenskur fjölmiðlamarkaður er. Að öðrum kosti gætu takmarkanir snúist upp í andhverfu sína og unnið gegn því markmiði að almenningur, neytendur, eigi aðgang að fjölbreyttum fjölmiðlum.

- 2.2 Í 8. mgr. 62. gr. b laga um fjölmiðla segir að við mat á lögmæti samruna skv. 1. mgr. skuli Samkeppniseftirlitið taka til skoðunar hvort samruni kunni að hafa skaðleg áhrif á fjölræði eða fjölbreytni í fjölmiðlun á þeim markaði eða mörkuðum sem viðkomandi fjölmiðlaveita eða fjölmiðlaveitur starfa á. Þá skuli Samkeppniseftirlitið afla umsagnar fjölmiðlanefndar um áhrif samrunans að því leyti. Samkeppniseftirlitið getur ógilt samruna sem kann að hafa skaðleg áhrif á fjölræði og fjölbreytni í fjölmiðlun eða sett slíkum samruna skilyrði sem miða að því að draga úr þeim skaðlegu áhrifum. Samkvæmt framansögðu einskorðast umsögn fjölmiðlanefndar við það hvort samruni kunni að hafa áhrif á fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlun á þeim markaði eða mörkuðum sem viðkomandi fjölmiðlaveita eða fjölmiðlaveitur starfa á.
- 2.3 Hugtökin fjölbreytni og fjölræði eru því lykilhugtök við mat á samruna samkvæmt X. kafla A í lögum um fjölmiðla. Í skýringum við frumvarp það er varð að lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 segir um hugtökin fjölræði og fjölbreytni að með hugtakinu fjölræði í fjölmiðlum sé vísað til þess að fjölmiðlar séu ekki undir yfirráðum fárra aðila. Stuðla verði að fjölræði á markaði með það að markmiði að tryggja menningarlega og stjórnmálalega fjölbreytni. Dreift eignarhald á fjölmiðlum er talið tryggja betur að ritstjórnarefni fjölmiðla endurspegli ólík sjónarmið.
- 2.4 Með hugtakinu fjölbreytni er átt við fjölbreytni í framboði fjölmiðla, sem fram komi m.a. í mörgum og ólíkum sjálfstæðum fjölmiðlum og fjölbreytni í tegundum fjölmiðla og innihaldi fjölmiðlaefnis. Hugtakið fjölbreytni hefur þannig margháttaða merkingu og vísar meðal annars til þess að fjölbreytt efni sé í boði í fjölmiðlum, svo sem fréttir, menningarefni, fræðsluefni, barnaefni, íþróttir o.fl. Fjölbreytni í þessum skilningi felur í sér að efnistösk endurspegli fjölbreytt viðhorf; að það efni og þau sjónarmið sem fram koma í fjölmiðlum séu fjölbreytt og sett fram á ólíkan hátt fyrir notendur, að



FJÖLMÍÐLANEFND

mismunandi hópar og einstaklingar samfélagsins fái notið sín í fjölmiðlum og höfðað sé til þeirra með fjölbreyttum hætti. Jafnframt getur hugtakið fjölbreytni vísað til þess að efni frá einstökum landsvæðum nái einnig til annarra landsvæða þar sem efnið er ekki framleitt.

Fjölbreyttur fjölmiðlamarkaður einkennist einnig af því að á honum starfa margir, ólíkir fjölmiðlar, í eigu ólíkra aðila, sem halda úti fréttastofum. Á fjölbreyttum fjölmiðlamarkaði er aðgengi og notkun fjölmiðla mikil meðal almennings og aðgangspröskuldur fyrir nýja fjölmiðla lágur. Þá einkennir það fjölbreyttan fjölmiðlamarkað að ekkert eitt fyrirtæki hefur of mikla markaðshlutdeild á fjölmiðlamarkaði (er markaðsráðandi) eða er í aðstöðu til að hafa einhliða áhrif á almenningsálit og stjórn málaumræðu.

- 2.5 Í lögum um fjölmiðla er ekki að finna skýr, hlutlæg viðmið hvað varðar fjölræði og fjölbreytni í fjölmiðlun sem legið geta til grundvallar mati fjölmiðlanefndar skv. 8. mgr. 62. gr. b. Við mat á því hvort fjölræði og fjölbreytni sé stefnt í hættu í samruna þar sem fjölmiðlar eiga í hlut skoðar fjölmiðlanefnd því hvert tilvik fyrir sig, með hliðsjón af framangreindum sjónarmiðum.
- 2.6 Við mat á áhrifum samruna á fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum er m.a. litið til skilgreiningu markaða sem samrunaaðilar starfa á, hlutdeildar þeirra á þeim mörkuðum, helstu keppinauta, samþjöppunar á markaði og fleiri þátta. Litið er til dreifingar fjölmiðla og hver áhrifamáttur þeirra er í samfélaginu. Þannig er mikilvægt að skoða stöðu fjölmiðla á markaði út frá mörgum sjónarhornum m.a. út frá hlutdeild þeirra í hlustun, áhorfi eða lestri, svo og útbreiðslu og dreifingu á afmörkuðum svæðum og/eða á landsvísu. Jafnframt skiptir máli hvort fjölmiðlar starfrækja fréttastofu og eru í þeirri stöðu að geta sett mál á dagskrá í samfélagslegri umræðu.

3. Aðdragandi samruna og sjónarmið samrunaaðila

- 3.1 Í samrunaskrá er fjallað um aðdraganda yfirtöku Torgs á eignum Frjálsrar fjölmiðlunar, sem er sá að stjórnarmaður og aðaleigandi Torgs átti fund með forsvarsmanni Frjálsrar fjölmiðlunar fljótlega eftir að Samkeppniseftirlitið samþykkti yfirtöku Torgs á rekstri Hringbrautar í nóvember 2019.
- 3.2 Í samrunaskrá segir jafnframt að Frjáls fjölmiðlun hafi átt við verulega rekstrarerfiðleika að stríða og hafi rekstur félagsins ekki verið sjálfbær. Velta Frjálsrar fjölmiðlunar á árinu hafi verið [...] kr. og tap félagsins [...] kr. Rekstur DV hafi ekki



FJÖLMÍÐLANEFND

verið sjálfbær í mörg ár heldur hafi félagið tapað verulegum fjárhæðum. Að öllu óbreyttu sé ljóst að reksturinn sé ekki sjálfbær til lengri tíma. Af því leyti telji samrunaaðilar að vart verði horft til félagsins með öðrum hætti en að um sé að ræða fyrirtæki á fallandi fæti í skilningi samkeppnisréttar (e. failing firm).

- 3.3 Upplýsingar um eignarhald Torgs eru aðgengilegar á vef fjölmiðlanefndar og voru síðast uppfærðar 2. janúar 2020 eða eftir að samrunaskrá barst nefndinni. Þar kemur fram að félagið er í 100% eigu HFB-77 ehf., sem er í 92% eigu Varðbergs ehf. í eigu Helga Magnússonar, sem einnig er stjórnarformaður félagsins. Aðrir eigendur HFB-77 ehf. eru félagið Saffron í eigu Sigurðar Arngrímssonar sem á 10% hlut, Jón Guðmann Þórisson ritstjóri Fréttablaðsins sem á 5% hlut og Guðmundur Örn Jóhannsson framkvæmdastjóri sölu, markaðsmála og dagskrárgerðar hjá Torgi, sem á 3% hlut.

Samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá er Frjáls fjölmiðlun í eigu Dalsdals ehf., sem er í eigu Sigurðar G. Guðjónssonar. Ósamræmi er á milli skráningar eignarhalds í samrunaskrá og skráningar hjá fjölmiðlanefnd en samkvæmt þeim upplýsingum sem skráðar voru hjá fjölmiðlanefnd í september 2017 er Frjáls fjölmiðlun í milliliðalausri eigu Sigurðar G. Guðjónssonar en ekki í eigu Dalsdals ehf. Eins og eigandi Dalsdals, Sigurður G. Guðjónsson, upplýsti í janúar 2020 hefur rekstur Frjálsrar fjölmiðlunar verið fjármagnaður með láni frá Dalsdal og er helsti lánveitandi Dalsdals félagið Novator ehf. í meirihlutaeigu Samson ehf. sem er að stærstum hluta í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar.

- 3.4 Fram kemur í samrunaskrá að Frjáls fjölmiðlun hafi átt við verulega rekstrarerfiðleika að stríða og hafi rekstur þess ekki verið sjálfbær. Hafi rekstur DV ekki verið sjálfbær í mörg ár, heldur hafi hann tapað verulegum fjárhæðum og að óbreyttu sé ljóst að reksturinn sé ekki sjálfbær til lengri tíma. Að því leyti verði vart horft til félagsins með öðrum hætti en að um sé að ræða fyrirtæki á fallandi fæti í skilningi samkeppnisréttar.

Þótt rekstur Torgs hafi verið réttu megin við núllið sé ljóst að lítið megi út af bregða til að ekki fari illa. Því sé mikilvægt fyrir starfsemi Torgs að ná þeim tekjum sem Frjáls fjölmiðlun hafi þó skapað. Muni samruninn ekki hafa teljandi áhrif á fjárhagslega uppbyggingu Torgs eða annarra samrunaaðila að öðru leyti en því að með honum telji samrunaaðilar að komið verði í veg fyrir að þeir fjölmiðlar sem Frjáls fjölmiðlun rekur í dag leggist af, sem sé óhjákvæmilegt verði ekkert að gert.

- 3.5 Hvað varðar mögulegan ávinning fyrirhugaðs samruna segja samrunaaðilar að tilgangur hans sé að reka fleiri stöðir undir starfsemi Torgs en verið hafi og koma í veg fyrir að þeir fjölmiðlar sem Frjáls fjölmiðlun hafi haldið úti leggist af. Gert sé ráð fyrir því að



FJÖLMÍÐLANEFND

vefurinn DV.is verði rekinn áfram og ekki sé gert ráð fyrir öðru en að DV komi áfram út í prentformi, eins og verið hafi. Að mati Torgs muni yfirtekin starfsemi Frjálsrar fjölmiðlunar efla starfsemi félagsins Torgs bæði út á við og inn á við. Torg sjái sóknarfæri í því að samselja auglýsingar inn á miðla félagsins, auk þess sem samlegð skapist í yfirstjórn, fjárreiðum og húsnæði, auk annars. Stefnt sé að því að flytja starfsemi Frjálsrar fjölmiðlunar sem allra fyrst inn á starfsstöð Torgs að Kalkofnsvegi 2 í Reykjavík.

Að því leyti telja samrunaaðilar samrunann jákvæðan fyrir neytendur, auglýsendur og síðast en ekki síst það markmið sem kemur fram í lögum um fjölmiðla að tryggja fjölbreytni og fjölræði í útgefnum miðlum.

4. Markaðir þar sem áhrifa gætir

- 4.1 Torg ehf. er útgáfufélag Fréttablaðsins og rekur fréttavefinn Frettabladid.is. Auk þess er Torg skráð fyrir eftirfarandi miðlum hjá fjölmiðlanefnd: Markaðnum, Glamour og Iceland Mag og vefmiðlunum Markadurinn.is, Glamour.is og Icelandmag.is. Í samrunaskrá kemur fram að tímaritið Glamour hafi nánast hætt starfsemi. Þá á Torg prentsmiðjuna sem prentar Fréttablaðið og er rekstur hennar innan Torgs.

Með kaupum Torgs á Hringbraut fjölmiðlum ehf. í nóvember 2019 eignaðist félagið sjónvarpsstöðina Hringbraut og samnefndan vefmiðil.

- 4.2 Frjáls fjölmiðlun ehf. starfrækir dagblaðið DV, vefmiðilinn DV.is og vefmiðlana Pressan.is, Eyjan.is, Bleikt.is, 433.is, Dv.is/fokus, Dv.is/lifsstill, Dv.is/matur og Dv.is/sjonvarp. Í samrunaskrá kemur fram að sú starfsemi sem Torg kaupir af Frjálsri fjölmiðlun sé útgáfa DV og framangreindra vefmiðla. Seldar eignir séu vefsíður sem opnar séu almenningi án greiðslu og vikublaðið DV sem gefið sé út á fimmtudögum. Rekstur Frjálsrar fjölmiðlunar hafi verið fjármagnaður með sölu auglýsinga, auk þess sem DV sé helgarblað sem selt sé í lausasölu og til áskrifenda, bæði rafrænt og með því að senda blaðið til áskrifenda.

- 4.3 Samkvæmt samrunaskrá telja samrunaaðilar sig starfa á eftirtöldum mörkuðum:

1. Markaði fyrir útgáfu fríblaða (starfsemi Torgs)
2. Markaði fyrir sjónvarpsstöðvar í opinni dagskrá sem fjármagnar sig með sölu auglýsinga (starfsemi Torgs eftir samruna við Hringbraut)
3. Markaði fyrir fréttamiðlun á netinu (starfsemi Torgs og Frjálsrar fjölmiðlunar)



FJÖLMÍÐLANEFND

4. Markaði fyrir sjónvarpsveitu á netinu (starfsemi Torgs)
5. Markaði fyrir framleiðslu á sjónvarpsefni (starfsemi Torgs)
6. Markaði fyrir sölu auglýsinga í opnu sjónvarpi, dagblöðum og á netinu (starfsemi Frjálsrar fjölmiðlunar og Torgs), þótt almennt hafi auglýsingamarkaðnum verið skipt upp eftir eðli miðla, sbr. ákvörðun 42/2017, um samruna Fjarskipta og 365 miðla.

Svo virðist sem samrunaaðilum hafi láðst að gera grein fyrir þeim markaði sem áskriftarblaðið DV starfar á, á ofangreindum lista, en fram kemur að samrunaaðilar telja útgáfu Fréttablaðsins og helgarútgáfu DV ekki á sama markaði. Annars vegar sé um að ræða fríblað sem komi út sex daga vikunnar og hins vegar helgarblað sem selt sé í lausasölu og til áskrifenda. Að einhverju leyti berjist blöðin um sölu auglýsinga á sama markaði. Telji samrunaaðilar að eina samkeppnislega skörunin á milli þeirra sé á markaðnum fyrir sölu auglýsinga og fréttamiðlunar á netinu.

- 4.4 Rekstur fjölmiðla hefur verið talinn skiptast í undirmarkaði, t. a. m. hljóðvarp, sjónvarp og vefmiðla, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 33/2015, *Kaup Pressunnar ehf. á 12 blöðum sem Fótspor ehf. gaf út*. Í ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2009, *Samruni Árvakurs hf., Fréttablaðsins ehf. og Pósthússins ehf.*, og 16/2013, *Erindi útgefanda Viðskiptablaðsins, Mylluseturs ehf., um ætlaða misnotkun 365 miðla ehf. á markaðsráðandi stöðu*, var komist að þeirri niðurstöðu að útgáfa dagblaða væri sérstakur markaður og aðskilinn frá útgáfu vefmiðla. Jafnframt var skilgreindur sérstakur markaður fyrir auglýsingar í dagblöðum og komist að þeirri niðurstöðu að auglýsingar í dagblöðum tilheyri ekki sama markaði og auglýsingar í öðrum fjölmiðlum, þ. á m. í ljósvakamiðlum. Var í þessu sambandi vísað til þess að komist hafi verið að sömu niðurstöðu í málum framkvæmdastjórnar ESB sem og í ýmsum niðurstöðum annarra erlendra samkeppnisyfirvalda. Var m.a. vísað til sérstaks eðlis auglýsinga í dagblöðum, mismunandi verðlagningar, mismunandi kostnaðar við auglýsingagerð og þess að auglýsendur kjósi að auglýsa í fleiri en einni tegund miðla.
- 4.5 Ákvarðanir samkeppnisyfirvalda hérlendis og erlendis gefa jafnframt til kynna að skilgreina megi undirmarkaði innan afmarkaðra hluta fjölmiðlamarkaðarins. Þannig hafa samkeppnisyfirvöld hér á landi skilgreint sjónvarpsmarkaðinn í undirmarkaði eftir því hvort um er að ræða sjónvarp í opinni dagskrá eða áskriftarsjónvarp, þ. á m. í ákvörðun 42/2017, *Samruni Fjarskipta hf. og 365 miðla hf.*² Þar kemur fram að Samkeppniseftirlitið fallist ekki á það sjónarmið samrunaaðila að ekki sé lengur ástæða til að skilja á milli áskriftarsjónvarps og opins sjónvarps við skilgreiningu sjónvarpsmarkaðarins, enda sé um eðlisólíka þjónustu að ræða og viðskiptasamband notenda með mismunandi hætti.

² Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 42/2017, 8. desember 2017.



FJÖLMÍÐLANEFND

- 4.6 Erlend samkeppnisyfirvöld hafa jafnframt skilgreint undirmarkaði á dagblaðamarkaði, m.a. út frá innihaldi og því hvort viðkomandi miðlar séu í aðstöðu til að hafa skoðanamyndandi áhrif á almenning. Telja þýsk samkeppnisyfirvöld að sölu- og dreifileiðir eigi ekki að hafa áhrif á skilgreiningu undirmarkaða á dagblaðamarkaði, þ.e. hvort dagblöð séu t.d. seld í lausasölu á götum úti eða í áskrift. Þetta kom m.a fram í máli *Springer/ProSiebenSat.1* árið 2016.³ Þar í landi eru undirmarkaðir dagblaðamarkaðar almennt skilgreindir út frá því hvort viðkomandi miðlar séu í aðstöðu til að hafa skoðanamyndandi áhrif á almenning. Þá eru dæmi um að bresk samkeppnisyfirvöld hafi skilgreint undirmarkaði á dagblaðamarkaði út frá innihaldi, t.d. í samrunamáli *Nikkei og the Financial Times Group* frá 15. október 2015, þar sem skilgreindur var sérstakur undirmarkaður fyrir „gæða-dagblöð“ (e. „quality daily newspapers“) með áherslu á efnahags- og viðskiptafréttir.⁴
- 4.7 Fjölmiðlanefnd getur tekið undir skilgreiningu samrunaaðila á mörkuðum málsins að flestu leyti. Nefndin telur þó að starfsemi DV og Fréttablaðsins skarist á markaði fyrir útgáfu dagblaða sem miðla fréttum á landsvísu. Bæði DV og Fréttablaðið eru gefin út á prentuðu dagblaðaformi og miðla fréttum og öðru ritstjórnarefni með breiða og almenna skírskotun. Báðum miðlum er dreift á landsvísu og eru þeir jafnframt báðir í þeirri stöðu að geta sett mál á dagskrá í samfélagsumræðunni og haft skoðanamyndandi áhrif á afstöðu almennings til fréttu og málefna líðandi stundar.
- Að mati fjölmiðlanefndar er ekki tilefni til að gera sérstakan greinarmun á útgáfu slíkra prentmiðla út frá útgáfutíðni eða því hvort aðgangur neytenda að miðlunum sé opinn eða bundinn við áskrift.
- 4.8 Með vísan til framangreinds telur fjölmiðlanefnd að samruni Torgs og Frjálsrar fjölmiðlunar hafi einkum áhrif á vöru- og þjónustumarkað fyrir útgáfu dagblaða sem miðla fréttum á landsvísu og markaðar fyrir útgáfu vefmiðla, auk þess sem bæði fyrirtæki afla sér tekna með sölu auglýsinga á framangreindum mörkuðum. Landfræðilegur markaður málsins er Ísland.

³ Cappello M. (ritstj.) Media ownership – *Market realities and regulatory responses*, IRIS Special 2016-2, European Audiovisual Observatory, Strassburg, 2016, bls. 51. Sótt 10. janúar 2020 af <https://rm.coe.int/media-ownership-market-realities-and-regulatory-responses/168078996c>

⁴ Kaup Nikkei á the Financial Times Group (ME6565/15), Competition and Markets Authority, 15. október 2015. Sótt 10. janúar 2020 af https://assets.publishing.service.gov.uk/media/5649bd8b40f0b674d3000030/Full_text_decision.pdf.



FJÖLMÍÐLANEFND

4.9 Helstu keppinautar á markaði

Helstu keppinautar Torgs og Frjálsrar fjölmiðlunar á dagblaðamarkaði og markaði fyrir auglýsingar í dagblöðum eru Morgunblaðið, Viðskiptablaðið, Stundin og Mannlíf.

Helstu keppinautar Torgs og Frjálsrar fjölmiðlunar á markaði fyrir innlenda vefmiðla eru Mbl.is, Vísir.is, Ruv.is, Pressan.is, Kjarninn.is, Stundin.is, Vb.is, Fotbolti.net og lífsstíls- og dægurmiðlar á borð við Menn.is, Nutiminn.is, Ske.is og Mannlíf.is.

Helstu keppinautar Torgs og Frjálsrar fjölmiðlunar á markaði fyrir auglýsingar á vefmiðlum eru Mbl.is, Vísir.is, Ruv.is, Kjarninn.is, Stundin.is, Fotbolti.net, Vb.is, lífsstíls- og dægurmiðlar á borð við Menn.is, Nutiminn.is, Ske.is og Mannlíf.is og einnig erlendir vefmiðlar og þá fyrst og fremst Google og Facebook.

4.10 Markaðshlutdeild

Fríblaðið Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins, með 37,1% lestur í nóvember 2019, skv. mælingum Gallup og er jafnframt stærsta dagblað landsins, sé litið til upplags og dreifingar. DV er fimmta mesta lesna dagblað landsins með 7,3% lestur skv. mælingum Gallup í nóvember 2019. Samanlögð markaðshlutdeild DV og Fréttablaðsins hvað lestur áhrærir var því 44,4% skv. mælingum Gallup í nóvember 2019.

Vefurinn DV.is er þriðji mest lesni vefmiðill landsins, skv. útreikningum Gallup fyrir viku 1 árið 2020. Var vefur DV með um 383 þúsund heimsóknir í þeirri viku. Að mati samrunaaðila eru vefir Frjálsrar fjölmiðlunar samtals með um 422 þúsund heimsóknir á viku eða 19,4% markaðshlutdeild.

Vefmiðillinn frettabladid.is er fimmti mest lesni vefmiðill landsins, skv. útreikningum Gallup fyrir viku 1 árið 2020. Í samrunaskrá segir að í viku 49 2019 hafi mælingar Gallup sýnt að vefur Fréttablaðsins hafi verið með u.þ.b. 202 þúsund heimsóknir á viku sem að mati samrunaaðila gefur í skyn að markaðshlutdeild sé í kringum 9,3%, vefur Hringbrautar með u.þ.b. 100 þúsund heimsóknir á viku eða um 4,2% markaðshlutdeild og vefir Frjálsrar fjölmiðlunar með um 422 þúsund eða um 19,4% markaðshlutdeild.

Samrunaaðilar telja að samanlögð hlutdeild vefmiðlanna DV.is, Frettabladid.is, 433.is, Eyjan.is, Pressan.is, Bleikt.is og Hringbraut.is sé tæplega þriðjungur af heildartekjum á markaði fyrir vefmiðla.



FJÖLMÍÐLANEFND

4.11 Áhrifamáttur fjölmiðla

Torg starfrækir fréttadeild fyrir Fréttablaðið og Frettabladid.is og Frjáls fjölmiðlun starfrækir fréttaritstjórn fyrir DV og DV.is. Þá eru þættir um fréttatengd málefni á borð við fréttá- og umræðuþáttinn 21 og umræðuþáttinn Ritstjórnir sýndir á sjónvarpsstöðinni Hringbraut og jafnframt aðgengilegir á vef Hringbrautar. Fjölmiðlar í eigu samrunaaðila eru því í aðstöðu til að setja mál á dagskrá og hafa áhrif á samfélagsumræðuna. Líkur eru á því að samanlagður áhrifamáttur þeirra geti verið umtalsverður.

Þrátt fyrir sterka stöðu á markaði fyrir dagblöð og markaði fyrir vefmiðla geta þó hvorki miðlar Torgs né Frjálsrar fjölmiðlunar talist í markaðsráðandi stöðu á landsvísu á markaði fyrir dagblöð, vefmiðla, sjónvarp eða fyrir auglýsingar á þessum miðlum en markaðsráðandi staða skv. skilgreiningu samkeppnislaga er „þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það getur að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda“.

5. Áhrif samrunans á fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum

5.1 Með kaupum Torgs á Frjálsri fjölmiðlun færast eignarhald dagblaðsins DV, DV.is og vefmiðlanna 433.is, Eyjan.is, Pressan.is og Bleikt.is frá einni skráðri fjölmiðlaveitu til annarrar en ekki er um að ræða tilkomu nýrra rekstraraðila á fjölmiðlamarkaði. Um er að ræða nokkra samþjöppun eignarhalds, þar sem eftir sameiningu Torgs og Frjálsrar fjölmiðlunar verða fjölmiðlar Torgs og Frjálsrar fjölmiðlunar í meirihlutaeigu Helga Magnússonar en aðrir eigendur eru Sigurður Arngrímsson, Jón Guðmann Þórisson ritstjóri Fréttablaðsins og Guðmundur Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri sölu, markaðsmála og dagskrárgerðar hjá Torgi. Að því leytinu til fela þessar breytingar í sér samþjöppun á fjölmiðlamarkaði sem áhrif hefur á fjölræði á markaði.

5.2 Í kaupsamningi Torgs og Frjálsrar fjölmiðlunar, um kaup á rekstrarhluta og nánar tilgreindum eignum síðarnefnda félagsins, kemur fram í lið 3.5 að seljandi skuli eiga kauprétt á 6% af heildarhlutafé í kaupanda hvenær sem er frá afhendingu og til næstu 18 mánaða. Verði kauprétturinn nýttur skuli andvirði hans renna til kaupanda í formi hækkunar á hlutafé. Miðað verði við 6% hlut seljanda eftir hlutafjárukningu. Því er ljóst að Frjáls fjölmiðlun og eigandi félagsins, Dalsdalur ehf., gæti eignast hlut í Torgi á næstu 18 mánuðum og færi þar með, ef til kæmi, með 6% eignarhlut í einni af fjórum stærstu fjölmiðlaveitum á hérlandum fjölmiðlamarkaði.



FJÖLMÍÐLANEFND

- 5.3 Starfsemi þeirra fjölmiðla sem í hlut eiga skarast einna helst á markaði fyrir dagblöð, markaði fyrir vefmiðla og markaði fyrir auglýsingar á vefmiðlum, eins og fram hefur komið. Fram kemur í samrunaskrá að vefmiðillinn DV.is verði rekinn áfram og ekki sé gert ráð fyrir öðru en að DV komi áfram í prentformi, eins og verið hafi. Þá kemur fram í kaupsamningi að tilteknir starfsmenn Frjálsrar fjölmiðlunar verði ráðnir til Torgs.
- 5.4 Ljóst er að hlutur erlendra vef- og myndmiðla af auglýsingatekjum hér á landi fer stækkandi, líkt og fram kemur í samrunatilkynningu. Samkeppni frá erlendum aðilum hefur því áhrif á íslenskan fjölmiðlamarkað, þó að þau áhrif séu enn sem komið er minni hér á landi en í nágrannaríkjum okkar á Norðurlöndum. Samkeppniseftirlitið samþykkti í nóvember 2019 samruna Torgs og Hringbrautar fjölmiðla, sem reka sjónvarpsstöðina Hringbraut og samnefndan vefmiðil. Með kaupum Torgs á Frjálsri fjölmiðlun nú styrkir Torg enn frekar stöðu sína sem eitt af fjórum stærstu einkareknu fjölmiðlafyrirtækjunum á íslenskum fjölmiðlamarkaði
- 5.5 Fjölmiðlanefnd er samkvæmt lögum ætlað að tryggja fjölbreytni og fjölræði á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Mikilvægt er að á íslenskum markaði séu öflug fjölmiðlafyrirtæki sem stuðla að fjölbreytni og fjölræði og þar með að mismunandi efnistöð og ólík sjónarmið komi fram. Að sama skapi er mikilvægt að íslensk fyrirtæki geti keppt við erlendar fjölmiðlaveitur sem bjóða efni hér á landi til að tryggja að Íslendingum standi til boða efni á íslensku og efni sem speglar íslenskt samfélag og menningu á breiðum grunni. Íslenskir fjölmiðlar eru í auknum mæli í samkeppni við erlenda afþreyingarmiðla og þurfa að bregðast við samkeppninni með því að bjóða gott efni á samkeppnishæfu verði. Að mati fjölmiðlanefndar geta breytingarnar, sem leiða af fyrirhuguðum samruna, verið til þess fallnar að auka og styrkja samkeppni stærstu fjölmiðlafyrirtækjanna á hérlendum fjölmiðlamarkaði þannig að þau verði færari um að mæta samkeppni frá innlendum sem erlendum aðilum.

6. Álit fjölmiðlanefndar

- 6.1 Samruni Torgs og Frjálsrar fjölmiðlunar nær til fjölmiðlunar á netinu og dagblaðamarkaðar. Þá afla bæði fyrirtækin sér tekna með sölu auglýsinga. Hvorki Fréttablaðið né DV eru í markaðsráðandi stöðu á þeim mörkuðum sem félögin starfa á. Hið sama gildir um vefmiðlana frettabladid.is, dv.is og aðra vefmiðla í eigu Frjálsrar fjölmiðlunar.



FJÖLMÍÐLANEFND

- 6.2 Frjáls fjölmiðlun rekur vefritstjórn fyrir vefmiðlana DV.is, 433.is, Eyjan.is, Pressan.is, Bleikt.is og Hringbraut.is og Fréttablaðið rekur fréttaritstjórn fyrir Fréttablaðið og vefmiðlana Frettabladid.is og Hringbraut.is. Er Fréttablaðið mest lesna dagblað landsins, vefur Fréttablaðsins í 5. sæti yfir mest sóttu vefi landsins og vefur DV í þriðja sæti yfir mest sóttu vefi landsins, samkvæmt mælingum Gallup en ekki liggja fyrir tölur frá Gallup um notkun annarra vefmiðla í eigu samrunaaðila.

Þannig má ljóst vera að bæði Fréttablaðið, vefur Fréttablaðsins, DV og DV.is hafa samanlagt umtalsverða útbreiðslu hér á landi og ná til fjölda lesenda. Innihald og útbreiðsla miðlanna er til þess fallin að þeir geti haft skoðanamótandi áhrif á almenningsálit og stjórn málaumræðu. Þannig eru líkur á því að áhrifamáttur þeirra fjölmiðla sem eiga í hlut geti verið nokkur.

- 6.3 Fram kemur í samrunaskrá að miðað við afkomu Frjálsrar fjölmiðlunar og óbreytt ástand sé ljóst að um fyrirtæki á fallandi fæti sé að ræða. Einn mikilvægasti þáttur samrunans felist í því að tryggja að raddir miðla Frjálsrar fjölmiðlunar heyrast áfram í samfélaginu og tryggja samlegð þannig að reksturinn verði sjálfbær. Í því sambandi vísa samrunaaðilar m.a. til fækkunar útgefinna dagblaða og tímarita hér á landi frá því sem áður var og fækkun útgáfudaga DV og gríðarlegs tapreksturs blaðsins. Telja verður að samruninn geti verið til þess fallinn að efla og styrkja umrædda fjölmiðla og tryggja rekstrargrundvöll fyrirtækis sem annars myndi hverfa af markaði.
- 6.4 Hvað varðar mat á því hvort fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði skerðist við samrunann skiptir verulegu máli hvernig ákveðið verður að hagræða og finna samlegð í rekstri félaganna til framtíðar. Fram kemur í samrunaskrá að DV.is verði starfrækt áfram og ekki sé gert ráð fyrir öðru en að DV verði áfram gefið út. Þá kemur fram í kaupsamningi að tilteknir blaðamenn Frjálsrar fjölmiðlunar verði ráðnir til Torgs.



FJÖLMÍÐLANEFND

7. Niðurstaða

- 7.1 Áhrif samruna Torgs og Frjálsrar fjölmiðlunar á fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði eru háð því hvernig fyrirhugað er að ná samlegð í rekstri útgáfufélaganna. Að mati fjölmiðlanefndar skarast starfsemi Fréttablaðsins og DV á markaði fyrir dagblöð sem gefin eru út á landsvísu, markaði fyrir vefmiðla, markaði fyrir auglýsingar í dagblöðum og á markaði fyrir auglýsingar á vefmiðlum. Náíð samstarf eða sameining ritstjórna og fækkun dagblaða eða vefmiðla, ef af yrði myndi hafa skaðleg áhrif á fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Ekkert í samrunaskrá gefur þó til kynna að slíkt standi til af hálfu Torgs.
- 7.2 Kaup Torgs á Frjálsri fjölmiðlun mun hafa í för með sér að fjölmiðlar Torgs verða í meirihlutaeigu eins manns, auk þriggja annarra sem fara með smærri hlut. Að því leytnu til fela fyrirhugaðar breytingar í sér samþjöppun á fjölmiðlamarkaði sem áhrif hefur á fjölræði á markaði. Um leið er rétt að hafa í huga að líkur eru á því að DV hverfi hugsanlega af markaði verði ekki af samruna félaganna tveggja. Þá teljast hvorki Torg né Frjáls fjölmiðlun markaðsráðandi á þeim mörkuðum sem félögin starfa á, þrátt fyrir sterka stöðu á bæði dagblaðamarkaði og markaði fyrir vefmiðla.
- 7.3 Ljóst er að hlutur erlendra vef- og myndmiðla af auglýsingatekjum hér á landi fer stækkandi. Samkeppni frá erlendum fjölmiðlaveitum hefur því áhrif á íslenskan fjölmiðlamarkað, þó að þau áhrif séu enn sem komið er minni hér á landi en í nágrannaríkjum okkar á Norðurlöndum. Með kaupum Torgs á Frjálsri fjölmiðlun styrkir Torg enn frekar stöðu sína sem eitt af fjórum stærstu, einkareknu fjölmiðlafyrirtækjunum á íslenskum fjölmiðlamarkaði.

Fjölmiðlanefnd er lögum samkvæmt ætlað að stuðla að fjölbreytni og fjölræði á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Mikilvægt er að á íslenskum markaði séu öflug fjölmiðlafyrirtæki sem miðla fjölbreyttu efni, þar sem ólíkum sjónarmiðum er haldið á lofti. Að sama skapi er mikilvægt að íslensk fyrirtæki geti keppt við erlendar fjölmiðlaveitur sem bjóða efni hér á landi til að tryggja að Íslendingum standi til boða efni á íslensku og efni sem endurspeglar íslenskt samfélag og menningu á breiðum grunni. Íslenskir fjölmiðlar eru í auknum mæli í samkeppni við erlenda afþreyingarmiðla og þurfa að bregðast við samkeppninni með því að bjóða vandað efni á samkeppnishæfu verði. Að mati fjölmiðlanefndar eru breytingarnar, sem leiða af fyrirhuguðum samruna, til þess fallnar að auka og styrkja samkeppni stærstu fjölmiðlafyrirtækjanna á hérlendum fjölmiðlamarkaði og gera þau færari um að mæta samkeppni frá erlendum aðilum.



FJÖLMIÐLANEFND

Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða fjölmiðlanefndar að kaup Torgs ehf. á Frjálsri fjölmiðlun ehf. hafi hvorki skaðleg áhrif á fjölræði né fjölbreytni í fjölmiðlun á þeim mörkuðum sem viðkomandi fjölmiðlaveitur starfa á, sbr. 8. mgr. 62. gr. b. laga um fjölmiðla.

Af þessum ástæðum gerir fjölmiðlanefnd að svo stöddu ekki frekari athugasemdir við samruna Torgs ehf. og Frjálsrar fjölmiðlunar ehf.

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar,

Heiðdís Lilja Magnúsdóttir
lögfræðingur

Elfa Ýr Gylfadóttir
framkvæmdastjóri